

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflétir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

| | |
|---|------------|
| a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. | kr. 672,00 |
| á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús | kr. 431,00 |
| b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús | kr. 49,00 |
| á mánuði og | kr. 239,00 |
| á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l. | |
| c. Peir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: | |
| Fyrir hvern rúmmetra á mánuði | kr. 2,00 |
| Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma. | |

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimædagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | |
|---|---------------|
| Hús allt að 300 m ³ að utanmáli | kr. 30 000,00 |
| Hús 300 m ³ til 2000 m ³ að utanmáli | kr. 30 000,00 |
| og fyrir hvern rúmmetra þar yfir | kr. 19,50 |
| Stofngjald fyrir aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er | kr. 5 750,00 |
| Heimædagjöld fyrir gróðurhús skulu vera þannig: | |
| Gróðurhús allt að 200 m ² | kr. 30 000,00 |
| Gróðurhús stærra en 200 m ² | kr. 30 000,00 |
| fyrir 200 m ² og | kr. 49,50 |
| fyrir hvern fermetra umfram 200 m ² . | |

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 472,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Peir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1985 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 164 10. apríl 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 16. september 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar.

- A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | |
|------------------|----------|--------|
| Orkugjald | 4,10 | kr/kWh |
| Fast gjald | 1 400,00 | kr/ár |